

Miðvikudaginn 22. desember 1948.

Nr. 5/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og
Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Guðmundar Jónssonar (Björgvin Sigurðsson hdl.)

Hlutaskiptasamningur. Ágreiningur um verð aflahlutar á reknetjaveiðum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu dagsettri 14. júní þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda Guðmundi sé dæmt skylt að greiða skipverjum, er voru á bátum hans, m/b Mumma G.K. 120 og m/b Freyju G.K. 275, á reknetjaveiðum haustið 1947, 37% af brúttóafla nefndra báta, án nokkurs frádráttar vegna aksturs á afla í frystihús eða vinnslustað. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í júlímánuði 1945 komust á samningar, um kaup og kjör á síldveiðum, milli samninganefndar Alþýðusambands Íslands annars vegar og samninganefndar Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar og stóðu að samningi þessum ýmis verkalýðsfélög og útgerðarmenn víðsvegar um landið. Samningur þessi var framlengdur með litlum breytingum 2. júlí 1947. Aðiljar máls þessa áttu hlut að samningi þessum, en í 5. gr. hans segir svo m. a.:

„Á síldveiðum með reknetjum greiðist til skipverja 37% af brúttóafla, er skiptist í jafnmarga staði og menn eru á skipi.

Á reknetjaveiðum við Faxaflóa skal síldin vegin upp úr bát,

þar sem bílavogir eru til á staðnum. Útgerðarmaður við Faxaflóa, sem kaupir beitusíld af skipverjum af bát sínum, skal greiða hana við hæsta gangverði við Faxaflóa.“

Stefndi, sem búsettur er í Garði á Suðurnesjum, gerði út á reknetjaveiðar haustið 1947 báta þá, sem greindir eru í dómkröfum stefnanda. Stefndi keypti sjálfur síldina af skipverjum sínum, og áður en veiðar hófust samdi hann við þá um tiltekið verð fyrir hverja tunnu síldar, kr. 70.00, sem síðar var með samkomulagi lækkað í 50 krónur. Fyrst framan af vertíðinni lögðu bátarnir eingöngu upp í höfnum á Suðurnesjum, en eftir að síld fór að veiðast í Hvalfirði var hún oft sett á land í Reykjavík og ekið á bifreiðum suður í Sandgerði eða Njarðvík í frystihús þar. Er Guðmundur, að lokinni vertíð, gerði hásetum sínum reikningsskil, dró hann flutningskostnað á síldinni frá skipi í frystihús frá andvirði aflahlutar þeirra, og mun meiri hluti þess kostnaðar hafa verið fyrir flutning á síld, sem landað var í Reykjavík.

Stefnandi telur, að samkvæmt framangreindum samningi sé óheimilt að draga frá andvirði aflahlutar nokkurn flutningskostnað á síld frá skipi til frystihúss eða vinnslustöðvar. Skipverjar eigi samkvæmt samningnum að fá umsamið verð, eða hæsta gangverð fyrir síldina, miðað við aflamagnið eins og það reynist upp úr skipi, en allur kostnaður við flutning sé þeim óviðkomandi. Með orðinu „brúttóafli“ hljóti að vera átt við hlut skipverja án nokkurs frádráttar, enda hafi verið svo um samið, að skipverjar fengju framangreint verð fyrir síldina við skipshlið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að það sé föst og viðtekin venja á Suðurnesjum, að því er reknetjaveiðar á síld snertir, að tekinn sé af óskiptu kostnaður við flutning aflans frá skipi í frystihús eða á vinnslustað, enda hafi hann samið svo um við skipverja, að 70 og síðar 50 króna verðið miðaðist við verðmæti síldarinnar á þeim stöðum, þ. e. að frádregnum flutningskostnaði. Þá telur stefndi, að það hafi tvinnælalaust verið skipverjum til mikilla hagsbóta að landa síldinni í Reykjavík, meðan veiðar voru stundaðar í Hvalfirði, heldur en að sigla með hana til Sandgerðis, því að fyrir þær sakir hafi þeir komizt í fleiri róðra og aflahlutur þeirra orðið

þeim mun hærri, en bátar sínir hafi aldrei þurft að bíða löndunar í Reykjavík. Loks telur hann, að Elías Guðmundsson, sem stefnt er vegna í máli þessu, hafi tekið við greiðslu án nokkurs fyrirvara og þar með firrt sig rétti til frekari greiðslu.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að stefndi geti grundvallað framangreind reikningsskil sín á nokkurri venju. Fyrirsvarsmönnum verk lýðsfélagsins hafi ekki verið kunn nein slík venja. Þeir hafi ekki heldur, hvorki beint né óbeint, samþykkt, að flutningskostnaðurinn væri tekinn af óskiptu. Þá mótmælir stefndi því sem ósönnuðu, að það hafi verið skipverjum til hagsbóta að landa í Reykjavík, enda hafi þeir aldrei um það samið. Loks mótmælir hann því, að Elías hafi með fyrirvaralausri móttöku firrt sig rétti til frekari krafna, þar sem reikningsskil stefnda hafi verið andstæð kjarasamningnum frá 2. júlí 1947.

Svo sem að framan greinir keypti stefndi af hásetum sínum síld þá, er aflaðist á framangreinda báta hans haustvertíðina 1947, og bar honum þá samkvæmt síðustu málsgr. 5. gr. samningsins frá 2. júlí 1947 að greiða hana hæsta gangverði við Faxaflóa. Ekki er um það deilt, hvert kaupverðið var, heldur um hitt, hvort það átti að greiðast fyrir aflann við skipshlið, eða þegar hann hefði verið fluttur í frystihús eða vinnslustöð. Í málinu eru líkur að því leiddar, að verð reknetjasíldar á Suðurnesjum hafi undanfarin ár verið miðað við verðmæti hennar kominnar í frystihús eða vinnslustöð, þannig að flutningskostnaðinn var dreginn frá. Hefur raunverulegt gangverð til skipverja því miðast við það. Að þessu athuguðu verður að telja, að verð það, sem stefndi samdi um við skipverja sína hafi í fyrstu verið 70 krónur fyrir hverja tunnu síldar og síðar 50 krónur, svo sem að framan greinir, að frádregnum flutningskostnaði frá skipshlið. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendi til þess, að aðrir hafi þá greitt herra verð fyrir síldina en stefndi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að verð það, sem stefndi samdi um og greiddi skipverjum sínum, hafi verið hæsta gangverð á reknetjasíld við Faxaflóa haustið 1947, og hefur hann þar með fullnægt ákvæðum 5. gr. samningsins frá 2.

júlí 1947. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 9/1948. **Matthías Sveinsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Þórs (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Matthíasi Sveinssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest og lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður